

Umsögn nemendafélags Háskólans á Bifröst um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 145. löggjafarþing 2015-2016, þingskjal 1373, 794. Mál.

Athugasemdir við einstaka greinar:

8. gr.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst gerir ekki athugasemdir við lækkaðan einingafjölda. Þó teljum við að taka verði tillit til þeirra sem hyggja á lengra nám, nám sem að öllu jöfnu er ekki innan marka 420 eininganna. Nemendafélagið fagnar aldurstengingunni.

11. gr.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst fagnar beinum styrkjum og telur að þróun í kjölfar frumvarpsins gæti orðið jákvæð. Teljum við það meðal annars geta leitt til lækkunar á meðalaldri þeirra sem hyggja á nám í framtíðinni. Hinsvegar hefur nemendafélagið áhyggjur af því hversu stórt skref er tekið. Nemendafélagið telur að skrefin þurfi að vera fleiri til að koma til móts við aðila sem þurfi að taka hæstu lánin, t.d. vegna fjölskyldustærðar, á þann hátt að styrkveitingar ættu að taka mið af því. Þ.e. að styrkurinn ætti að vera sveigjanlegur en námslán föst upphæð. Nemendafélagið gerir athugasemdir við það að beinn styrkur teljist til tekna.

13. gr.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst vill benda á umsögn sína við 11. gr.

17. gr.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst lýsir áhyggjum sínum yfir því að endurgreiðslur hefjist einu ári eftir námslok og telur að sá tími ætti að haldast óbreyttur, 2 ár. Nemendafélagið fagnar endurgreiðslutíma námslána.

32. gr.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst fagnar viðbótarniðurfærslu en harmar að það gildi aðeins til lok árs 2021.

Bifröst 10.08.2016

Nemendafélag Háskólans á Bifröst